

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2017

6. tbl. 24. árg.

 **Hádegis tilboð**
Fríð. kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matséli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIBSTÆRÐ
af matséli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS


**Slökkvitækja-
þjónustan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Fjölbrautaskóla Breiðholts FB var slitið við hátíðlega athöfn í Hörpu 27. maí sl. Alls útskrifuðust 135 nemendur að þessu sinni af nokkrum námsbrautum. Dagmar Ísleifsdóttir var dúx. Sjá frétt á bls. 10 og viðtal við Dagmar á bls. 11.

**Opið allan
sólarihringinn**
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland


Systrasamlagid
Er um á Óðinsgötu 1
Mán. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is

- bls. 4
Viðtal við
Haldór Halldórsson
borgarfulltrúa

**Þitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900


LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**ÓDÝRARI LYF Í
HÓLAGARÐI**

 **Apótekið**
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

TILBOÐ Á SVÍNAKJÖTI

Svínalund 2.499 kr/kg

Svínasnitsel 1.399 kr/kg


Svínarif 1.299 kr/kg

Svínahnakki 1.499 kr/kg

Svínakótilettur 1.599 kr/kg

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 24. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Bygginga- og samgöngumál

Þótt enn sé nær ár til borgarstjórnarkosninga og ekki séð fyrir hvaða eða hversu mörg öfl muni bjóða fram eru línur farnar að skýrast um hvað verði kosið. Sýnt er að húsnæðismál og fjölgun íbúða munu skipa stóra sess í umræðunni og þeirri baráttu sem fram mun fara fyrir þessar kosningar.

Á þessu kjörtímabili var farið af stað með metnaðarfulla áætlun um þéttingu byggðar í borginni. Uppbyggingu á svæðum sem lengi höfðu staðið auð og fáum til yndisauka og einnig að breyta gömlum iðnaðarbyggðum í íbúðabyggðir. Fáum blandast hugur um að þétting byggðarinnar var nauðsyn en þessi uppbygging hefur ekki dugað til að leysa nema að hluta þess húsnæðisvanda sem orðið hefur af fjölgun íbúa og ekki síður stöðnunarskeiði í byggingariðnaði eftir bankahrunið 2008.

Á kveðin úthverfastefna var lengi við lýði í byggingarsögu Reykjavíkur. Í dag hefur sókn eftir búsetu á miðborgarsvæðinu aukist. Gætir þar bæði áhrifa erlendis frá og einnig þess að margt fólk kys að búa í nánd við vinnustað og eyða sem minnstum tíma í daglegar ferðir á milli heimilis og vinnu. Miðborgarsamfélagið dregur fólk einnig til sín – ekki síst á tímum þegar fólk fjölgar sem kys að búa eitt eða í öðrum tengslum en hinu hefðbundna fjölskyldumynstri sem kenna má við pabba mömmu börn og bíl.

Borgarstjórnarkosningarnar munu því einnig snúast um samgöngumál. Mikil einkabílavæðing fór af stað eftir lausn viðamikilla gjaldeyrishafta í byrjun sjöunda áratugar liðinnar aldar og fylgdi úthverfastefnunni fast á eftir. Þetta kallaði og kallar stöðugt eftir nýjum umferðarmannvirkjum. Í dag virðist nokkur hugarfarsbreyting vera að eiga sér stað. Margt fólk telur að draga megi úr notkun einkabílsins og nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta á borð við almenningssamgöngur og reiðhjól. Það kallar einnig á umferðarmannvirki en með nokkuð öðru sniði.

Í komandi borgarstjórnarkosningum verður annars vegar lögð áhersla á aukna úthverfabýggð og byggingu umferðarmannvirkja til þess að auðvelda umferð einkabíla. Hins vegar mun áfram verða lögð áhersla á innri byggðina og aukna notkun almenningssamganga eða blöndu af þessu tvennu. Bygginga- og samgöngumál virðast ætla að yfirskyggja annað – alla vega enn sem komið er.

Hvatningarverðlaun afhent



Frá afhendingu hvatningarverðlauna frístundaráðs í Gerðubergi.

Ungmennaráð Breiðholts og frístundamiðstöðin Miðberg hlutu hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir framsækið frístundastarf 12. maí síðastliðinn. Verðlaunin hlaut ráðið fyrir fjármálafræðslu fyrir unglinga í Breiðholti.

Fjármálafræðslan er jafningjafræðsla þar sem fjármál eru útskýrð á einfaldan og skemmtilegan hátt með leikjum, glærum, umræðum og spurningakeppni. Fræðslan er þátttakendum að kostnaðarlausu og hefur verið haldin í félagsmiðstöðvum og grunnskólum Breiðholts.

Í umsögn dómnefndar segir m.a. „Verkefnið er dæmi um fyrirmyndar unglíngalýðræði þar sem unglíngar bregðast við þörf og skapa vettvang til að vinna að málum sem á þeim brenna. Þarna er um valdeflingu unglínginga að ræða, sem er öðrum hvatning og fyrirmynd.“

Birgitta Rut, Elinborg Una og Hildur María tóku við verðlauninum fyrir hönd ungmennaráðs Breiðholts ásamt Kára Sigurðssyni og Sif Ómarsdóttur umsýjónarmönnum ráðsins.

Göngubrúnni frestað

- eitt tilboð og langt yfir kostnaðaráætlun

Gera má ráð fyrir að bygging göngubrúar yfir Breiðholtsbraut við Norðurfell muni verða frestað um óákveðinn tíma. Aðeins eitt tilboð barst í verkið frá Ístaki hf. Tilboðið var rúmum 182 milljónum 228% yfir kostnaðaráætlun.

Reykjavíkurborg hefur á skömmum tíma hafnað tilboðum í allmörg verk þar sem þau reyndust verulega yfir kostnaðaráætlun. Hefur verið hætt við þessi verk í bili. Ástæður þessa eru einkum þær að verk-takar á vissum sviðum mannvirkjagerðar hafa mjög mikið að gera og hjá mörgum er verkefna-staða þannig að þeir geta ekki bætt við sig verkefnum – alla vega ekki í brád.



Teikning af göngubrúnni sem fyrirhugað er að byggja yfir Breiðholtsbraut við Norðurfell og mun tengja Seljahverfið við byggðir Efra Breiðholts.

Læsi allra mál

- unnið að sameiginlegri lestraráætlun í Breiðholti

Læsi allra mál er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti ásamt Þjónustumiðstöð Breiðholts. Verkefnið hófst 2015 og er meginmarkmið þess að efla læsi meðal barna í hverfinu. Í stýrihópi verkefnisins sitja fulltrúar frá öllum skólunum og hittist hópurinn mánaðarlega. Verkefnastjórn er í höndum Þjónustumiðstöðvarinnar.

Stýrihópurinn vinnur nú að sameiginlegri læsisáætlun fyrir Breiðholtið sem byggist á læsisstefnu Reykjavíkurborgar. Í hverjum skóla eru starfandi læsisteymi sem vinna læsisáætlanir hvers skóla fyrir sig og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

Til að efla læsi þarf að leggja mikla áherslu á málþroskann sem er undirstaða fyrir lestrarnám sem bæði kennarar og foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um. Skimanir eru notaðar markvisst strax í leikskóla til að greina mögulegan vanda barna. Snemmtækri iðlutun er beitt en þá er átt við að gripið sé til aðgerða sem fyrst en

rannsóknir sýna að þannig sé hægt að koma í veg fyrir námsvanda hjá börnum seinna meir. Skimanir sem greina mál- og lestrarvanda eru lagðar fyrir nemendum í ákveðnum árgöngum bæði í leik- og grunnskóla. Þjónustumiðstöð skoðar niðurstöður allra skimana, skilar þeim til skólanna og veitir bæði þeim og foreldrum ráðgjöf. Þess má geta að verkefnið fékk úthlutað styrk frá Sprotasjóði fyrir næsta skólaár sem nýttur verður til fræðslu og stuðnings.

Gott vald á tungumáli er undirstaða fyrir farsælt lestrarnám og því er mikilvægt að foreldrar verja tíma með börnum sínum, ræði við þau, lesi fyrir þau og með þeim og sjái til þess að þau sinni heimalestri. Inni á heimasíðu verkefnisins er að finna ýmis gagnýtt ráð og leiðir til að efla lestur og læsi <http://tungumalatorg.is/laesiallramal>

Anna María Jónsdóttir og Kristín Ármannsdóttir, kennsluráðgjafar Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta




**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Njóttum sumarsins!



NELLIKA
990KR

LÓBELÍA
990KR


GARÐHÚSGÖGN
20% AFSL.

SILFURKAMBUR, SKRAUTNÁL
OG STJÚPUR BLANDAÐIR LITIR 10STK
1.290KR

RIFSBERJARUNNAR
1.450KR

SKRÍÐMISPILL
990KR


EPLATRÉ
20% AFSL.



GÆÐA SLÁTTUVÉLAR FRÁ VIKING
OG BATTERÍSTÆKI FRÁ STIHL



Keeper L
VINNUR Á
ÖLLU ILLGRESI



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

Við þurfum að blanda leiðum

- verðum bæði að þétta byggð og byggja ný borgarhverfi

Halldór Halldórsson borgarfulltrúi og oddviti sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Halldór hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkurborgar frá síðustu borgarstjórnarkosningum. Hann hefur mikla reynsu af sveitarstjórnarmálum. Var bæjarstjóri á Ísafiði um árabil og hefur einnig sinnt formennsku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006 eða í rúman áratug. Halldór var inntur eftir sinni sýn á málefni Reykjavíkurborgar.

Á nýafstöðnu Reykjavíkurbíngi Sjálfstæðisflokksins var sérstaklega tekið fram að útsvar skuli lækkað úr lögbundnum hámarki sem er 14,52% í lögbundið lágmark sem er 12,44%. Er hugsanlegt að ná þessu með breyttum áherslum í rekstri án þess að draga úr þeirri þjónustu sem borgin veitir íbúunum.

“Já það er hægt að ná þessu í áföngum og með bættum rekstri og gæta þess að grunnþjónustan sé góð og betri en hún er í dag. En til þess þarf breytt hugarfar. Ekki hugarfar vinstri flokkanna sem telja að innheimta verði helst hverja krónu sem skattfé.”

Blanda leiðum þéttingu byggðar og byggingu nýrra hverfa

Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoðun á núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur því nauðsynlegt sé að ná betra jafnvægi í þéttingu byggðar og nýrra byggingarsvæða. Hvort á að leggja meiri áherslu á áframhaldandi þéttingu byggðar eða leita að svæðum fyrir ný úthverfi og þá hvar. Er Svæðinganesið enn kostur í byggingamálum og einnig spurning um nýtingu á Kjalarnesi sem nú er hluti af Reykjavíkurborg.

“Þéttingarstefnan gengur út í öfgar hjá meirihlutunum með þeim afleiðingum að fólk fær ekki þak yfir höfuðið á sér. Það vantar fimm þúsund íbúðir í dag og mun vanta 1.400 á ári til ársins 2030 hið minnsta miðað við spár. Það á að blanda þessum leiðum saman. Þetta byggð og byggja í Úlfarsárdal og í framtíðinni í Geldinganesi um leið og Sundabrautin verður lögð.”

Mætti nýta Mjóddina betur en í samráði við íbúa

Samkvæmt núgildandi skipulagi mun mega fjölga íbúum í Breiðholtinu um allt að 500. Er æskilegt að halda sig við þessar hugmyndir eða draga úr vægi þeirra – til dæmis er varðar Garðheimareitinn.

“Það er hægt að nýta Mjóddina betur, það er ekki nokkur vafi en það þarf að gera í samráði við íbúana. Þarna er mikilvægt þjónustusvæði sem hægt er að efla enn frekar og þarna getur verið blönduð byggð með flottum íbúðum. Staðsetningin er frekar miðsvæðis þegar horft er til höfuðborgarsvæðisins í heild. Það er hins vegar ekki skynsamleg nýting á Suður Mjódd að troða niður bílaumboði þar rétt ofan í æfinga- og keppnissvæði ÍR í óþökk við íbúana.”

Strætó og sjálfkeyrandi bílar í framtíðinni

Samgöngumálin eru sígilt umræðuefni borgarbúa. Borgarlínan er kostnaðarsöm framkvæmd. Er hún nauðsynleg í þeirri útfærslu sem hún er hugsuð. Getur komið til greina að grafa fjölfarnar umferðaræðar í jörð – æðar á borð við neðri hluta Miklubrautar, samgönguæð til austurs meðfram gömlu höfninni og hugsanlega hluta Hringbrautar. Er möguleiki til þess að einkabíllinn geti þjónað eins stórum hluta/hlutfalli af samgöngum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu framvegis sem fyrr og þá kemur spurning um hvort og hvernig rafbílaæðingin komi til með að geta mætt auknum umferðarþunga.

“Almenningssamgöngur er hægt að efla í



Halldór Halldórsson.

Reykjavík með því að fjölga ferðum strætó – auka tíðnina. Það á að vera val fólks hvort það vill nota strætó, ganga, hjóla eða nota einkabíllinn. Það er ljóst að flestir velja einkabíllinn og þannig verður það áfram. Við þurfum að gera hverfin sjálfbærari. Stuðla að því að fleiri geti sótt vinnu innan síns hverfis sem og alla helst þjónustu. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum lagt til að Miklubraut verði lögð í stökk sem og Geirsgatan þar sem allt er uppgrafið núna. Meirihlutinn felldi ekki tillöguna um Miklubraut en felldu umsvifalaust tillöguna um Geirsgötu. Hvers vegna skil ég reyndar ekki.” Halldór segir svo margt framundan í samgöngumálum sem tæknin sé að fara að breyta. “Þess vegna er borgarlína sem lestarfyrirbæri mjög líklega úrelt áður en hún væri tekin í notkun. Sjálfkeyrandi bílar taka við einhverju af almenningssamgöngum. Við vitum ekki hversu miklu. Þá er spurningin hvernig almenningssamgöngur verða að öðru leyti. Líklega strætó á ákveðnum línunum eins og í dag og svo sjálfkeyrandi bílar sem veita betri þjónustu. Ná í fólk heim til sín.

Pössum okkur á því að innleiða ekki lausnir sem verða úreltar daginn sem þær eru teknar í notkun.”

Reykjavíkflugvöllur út skipulagstímabilið

Eitt af umdeildum samgöngumálum í Reykjavík er framtíð flugvallarins í Vatns-

mýrinni. Nú er ljóst að hann mun ekki geta þjónað millilandaflugum nema að mjög litlu leyti. Er möguleiki til þess að ef farið yrði að hugmyndum Rögnunefndarinnar og ráðist í byggingu alþjóðaflugvallar í Hvassahrauni að sú flugstarfsemi sem nú er í Vatnsmýrinni myndi flytjast þangað.

“Hugsanlegur flugvöllur í Hvassahrauni er hugmynd sem þarf að skoða. Það er margt sem getur komið í veg fyrir það. T.d. flugskilyrði, nálægð við Keflavíkflugvöll, umhverfismat, vatnsmál Suðurnesjamanna o.fl. Og þetta er töluvert inni í framtíðinni ef af yrði. Þess vegna er flugvöllurinn í Vatnsmýri ekki að fara neitt. Með Sjálfstæðisflokkinn í meirihluta myndum við endurskoða aðalskipulag Reykjavíkurborgar af mörgum ástæðum. Ein þeirra væri sú að við myndum tryggja flugvöllinn í Vatnsmýri út skipulagstímabilið.”

Aðgerðir vegna kennara og fyrirsjánlags kennaraskorts

Skólamálin eru stór þáttur í rekstri Reykjavíkurborgar eins og allra sveitarfélaga. Hver eru næstu stóru verkefni á sviði skólamála. Hvort liggja þau fremur á uppbyggingu aðstöðu t.d. skólahúsnæðis og umgjörð frístundaheimila eða liggur fremur á að leggja áherslu á fræðslustarfið sjálft og námsárangurinn.

“Fræðslustarfið sjálft og árangur er það sem er mikilvægast. Stefna okkar í skólamálum byggir á því að allir nemendur

Það er hægt að nýta Mjóddina betur, það er ekki nokkur vafi en það þarf að gera í samráði við íbúana. Þarna er mikilvægt þjónustusvæði sem hægt er að efla enn frekar og þarna getur verið blönduð byggð með flottum íbúðum. Staðsetningin er frekar miðsvæðis þegar horft er til höfuðborgarsvæðisins í heild.

hafi aðgang að námi sem hentar hverjum og einum. Hagsmunir nemenda séu ávallt miðpunktur stefnumörkunar og framkvæmda. Við viljum færa áherslu frá miðstýringu í átt að auknu sjálfstæði og sveigjanleika í skólafarfi og að fé fylgi barni í námi.” Halldór segir að um leið og þetta er sagt sé ljóst að það þurfi að sinna betur viðhaldi skólahúsnæðis og bæta aðstöðu kennara og nemenda í mörgum skólum þar sem þetta hefur verið vanrækt.

“Við þurfum líka að fara í aðgerðir vegna kennaranna sjálfra og fyrirsjánlags kennaraskorts því það er enginn skóli án kennara frekar en nemenda. Álag á kennara hefur aukist skv. könnunum og viðtölum við kennara. Við þessu þarf að bregðast í samstarfi við kennarana sjálfa. Stefnumótun er góð og gild en það eru aðgerðir sem skipta mestu máli. Í þær viljum við fara.”

Íþróttafélögin geta náð hagstæðari samningum

Íþróttaaðstaða er stöðugt til umfjöllunar og ekki hefur hafst undan að fylgja eftir þeirri þörf sem hefur skapast eins og sjá má af málefnum ÍR fram til þessa. Er það leið að íþróttafélögin efni sjálf til framkvæmda í skjóli borgarinnar.

“Það getur oft verið fær leið að semja við íþróttafélögin sjálf. Þau geta náð hagstæðari samningum og þau geta líka rekið íþróttamannvirkin með hagkvæmum hætti.”

Félagslegu húsnæðismálin í kreppu

Velferðarmálin eru oft hlutfallslega þyngrí í höfuðborgum en öðrum sveitarfélögum því þangað sækir jafnan fólk sem þarfnast félagslegrar aðstoðar. Hvar kreppir skólinn helst að í Reykjavík. Í húsnæðismálum, í heilbrigðismálum eða í atkomaöryggi. Hvað getur Reykjavíkurborg gert til þess að lyfta undir með fólki að þessu leyti.

“Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum talað fyrir því að fjárfesta í velferðartækni til að hægt sé að veita fleirum betri þjónustu, ekki síst eldri borgurum sem vilja gjarnan vera lengur heima hjá sér. Það gerist lítið í þeim málum af hálfu meirihlutans, reyndar ekkert. Og það vantar fleiri hjúkrunarrými í borginni. Eg hef lagt fram fyrirspurnir um hvað borgin sé að gera í þeim málum í samstarfi við ríkið en það er fátt um svör fyrir utan það sem er framundan á Sléttuveginum. En þörfin er meiri en svo. Húsnæðismálin eru í mikilli kreppu. Þegar kosið var til borgarstjórnar árið 2014 voru um 400 manns á biðlista eftir félagslegu húsnæði en nú nálgast það að var 1.000 manns. Meirihlutinn er með allt niður um sig í þessum málum,” segir Halldór Halldórsson.



Halldór Halldórsson borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bjarni Benediktsson forsætisráðherra. Myndin var tekin á fjármálaráðstefnu sambandsins á liðnu hausti.



LÍKLEGA BESTI HOLLI
SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



VELKOMIN Á XO Í SMÁRALIND

ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR



NAUTASALAT XO



OPIÐ TIL KL 21:00 ÖLL KVÖLD

XO JUNGLE



FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU & SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS

571-3888



4,5 ★



FACEBOOK.COM/
XO VEITINGASTAÐUR

4,7 ★

GRÆNMETISDÖNER



Breiðholtsbrúin flutt í Breiðholtskirkju



María Björk Jónsdóttir og Hildur Oddsdóttir hafa annast Breiðholtbrúna.

Breiðholtsbrún hefur nú flutt starfsemi sína í Breiðholtskirkju. Breiðholtsbrúin er samstarfsverkefni Fjölskyldumiðstöðvar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar og Pepp Ísland auk Fella- og Hólakirkju. Starfsemin hefur nú verið flutt í Breiðholtskirkju þar sem fyrsta opna hús var mánudaginn 8. maí sl. Opið hús hefur verið haldið reglulega í Fella- og Hólakirkju frá því í febrúar við ágætar undirtektir og nú stendur til að efla mætingu enn frekar.

María Björk Jónsdóttir og Hildur Oddsdóttir hafa annast þetta verkefnið. Þær sögðu í spjalli við Breiðholtblaðið á liðnum vetri að um frjálst félagsstarf væri að ræða þangað sem allir séu velkomnir. Verkefni sé sniðið fyrir fólk á öllum aldri og án nokkurs tillits starfs, fjölskyldustöðu, þjóðernis eða neins annars. Þær bentu á að þarna væri

kjörið tækifæri fyrir fólk sem fyndi til félagslegrar einangrunar eða ætti ekki í samskiptum við ættingja eða vini til þess að eiga mannleg samskipti. Þetta geti átt við um fólk sem flust hefur hingað til lands – fólks sem á ef til vill flesta fjölskyldumeðlimi erlendis en einnig gróna Íslendinga sem langar að líta aðeins út fyrir sinn hversdagslega ramma.

Breiðholtsbrúin er frjálst félagsstarf sem er í grunninn opið hús þar sem allir eru velkomnir - óháð aldri, stöðu, þjóðerni, og öllum mögulegum breytum sem hægt er að tína til. Eitt megininntakið í opnum húsum Breiðholtsbrúarinnar er eldamennska og sameiginlegt borðhald í framhaldinu. Fólk er því ekki einungis að kynnast hvort öðru heldur einnig matarmenningu ólíkra hópa frá mismunandi löndum og heimshornum. Skipuleggjendur vonast til að sjá sem flesta gesti í nýrri staðsetningu í Breiðholtskirkju.

Fjölbreytt dagskrá á Breiðholt Festival á sunnudaginn

Breiðholt Festival verður haldið 11. júní á sunnudaginn kemur. Þetta er í þriðja sinn sem Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður blæs til þessarar hátíðar ásamt samstarfsaðilum. Valgeir hefur starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið og Bedroom community um árabíl í Vogaselinu í Breiðholti - í götu sem hönnuð var í upphafi til þess að listafólk gæti sameinað þar heimili sín og vinnustofur. Valgeir festi kaup á einu þeirra á sínum tíma til þess að búa sér athvarf fyrir tónlistarstarfsemi.

Hann fékk fljótt til sín ýmsa samstarfs aðila og hefur fjöldi fólks búið þar og starfað um lengri eða skemmri tíma. Á vegum Gróðurhússins og Bedroom community hefur verið staðið að öflugum lista- og menningarlífi í gegnum tíðina – ekki síst fyrir þá hugmynd að nýta hluta af húsinu sem bústað fyrir fólk til þess að vinna að hugðarefnum sínum. Starfsemin fékk því fljótt á sig alþjóðlegan



S. Björn Blöndal formaður borgarráðs setur fyrsta Breiðholt Festival fyrir tveimur árum. Með honum á myndinni er Nichole Leigh Mosty formaður Hverfisráðs Breiðholts og alþingismaður.

blæ. Markmið með Breiðholt Festival er einkum tvíþætt. Annars vegar að vekja athygli á þeim fjölmörgu listamönnum sem tengjast Breiðholti og

kynna þá listsköpun sem fer fram í hverfinu. Hins vegar að bjóða íbúum hverfisins að njóta menningarviðburða innan göngufæris við heimabyggð sína.

www.breiðholt.is



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

Frelsi til að veiða!



Vatnaveiðin er komin í gang! Ertu klár?

www.veidikortid.is

Laugarnar í Reykjavík

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR NÁNAR Á ITR.IS

Fyrir líkama og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds

Sími: 411 5000 • www.itr.is



* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.

Hjálmur er höfuðnauðsyn



Hópmýnd af börnum í Ölduselsskóla.

Kiwanisklúbburinn Dyngja í Reykjavík afhenti nýverið börnunum í 1. bekk í Ölduselsskóla og Seljaskóla reiðhjólahljálma. Kiwanisklúbbarnir á Íslandi hafa um áratuga skeið fært öllum í 1. bekknum á Íslandi reiðhjólahljálma að gjöf.

Kiwanishreyfingin vill auka öryggi barna þegar þau eru á hjóli eða renna sér á hjólabretti og er gjöfin í samræmi við kjörorð hreyfingarinnar á Íslandi „Börnin fyrst og fremst“ en Kiwanis er alheimsamtök sjálfbóðaliða sem hafa að markmiði að bæta heiminn með því að hjálpa börnum. Alls hefur hreyfingin fært íslenskum börnum á milli 50 og 60 þúsund reiðhjólahljálma undanfarna áratugi.

Hjólreiðar og hjólabretti eru alltaf að verða vinsælli bæði hjá börnum og fullorðnum. Bæði er það skemmtun og gott samgöngutæki. Reiðhjólahljálmur á að vera sjálfsagður öryggisbúnaður fyrir alla, því ef eitthvað kemur fyrir þá getur hjálmurinn komið í veg fyrir alvarlegt slys.



Lovísu með Lovísu, barnabarni sínu í Seljaskóla

Sérstaklega er áriðandi að yngri börn noti hjálma þar sem þau hafa ekki sama fjarlægðarskyn og fullorðnir. Þessi gjöf er líka ætluð til að hvetja foreldra og aðra fullorðna að vera góð fyrirmynd með því að nota sjálf reiðhjólahljálma því hjálmur er höfuðatriði.

Filman - kvikmyndahátíð frístundaheimilanna í Breiðholti

Kvikmyndahátíðin Filman 2017 var haldin fyrir fullum sal í Sambíóunum Álfabakka miðvikudaginn 24. maí. Hátíðin er árlegur viðburður á vegum Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs. Þar sýna 8 til 9 ára gömul börn stuttmyndir sem þau hafa framleitt sjálf undir handleiðslu Hafsteins Vilhelmssonar, leikara og kvikmyndagerðarmanns. Börnin skrifa handrit, leika, sminka, hanna búninga og leikmuni.

Sýndar voru þrjár myndir og fern verðlaun veitt. „Feluleikurinn“ frá frístundaheimilinu Regnboganum hlaut verðlaun fyrir flottustu búningana og „Hjálp“ frá frístundaheimilinu Hraunheimum hlaut verðlaun fyrir best leiknu myndina. Sigurvegari hátíðarinnar var „Töfrabeinið“ frá frístundaheimilinu Bakkaseli, en hún hlaut tvönn verðlaun, besta handritið og besta myndin. Myndirnar eru frá hátíðinni.



NÝ VARA BioMiracle lífrænt Aloe Vera spray

- 98% hreint lífrænt spray fyrir andlit og líkama
- Ríkt af Aloe Vera og E vítamíni, kælir og gefur mikin raka
- Mjög gott undir förðun
- Kælir og róar sólbrennda húð
- Fyrir alla aldurshópa
- Ekki fitugt og klístrað
- Fyrir viðkvæma húð.
- Án parabena
- Engin gervi litarefni

Verð 1190 kr.

 BioMiracle

„Lyfjaval leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum lyf á lágmarksverði, þar sem fagmennska, heiðarleiki og nærgætni við viðskiptavini er í fyrirrúmi.“



Lyfjaval Mjódd, Álfabakka 14, Sími: 577 1166, www.lyfjaval.is

Opnunartími: Virka daga 09:00-18:30 og laugardaga 12:00-16:00

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

**Kebab
eXpress**



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola

Sunnudaginn 11. júní 2017
Skúlpúrgarðinum Ystaseli 37

Breiðholt Festival

Frítt
inn!

Tónlist

Markéta Irglová
sóley
Ólöf Arnalds
aYia
RuGI
Marteinn Sindri
Reykjavík Batucada
& Samúel Jón
Samúelsson Big Band
Rex Pistols
Áslaug Magnúsdóttir

Vinnustofur

REAL Collective
danssmiðja
Myndlistarsmiðjur
Fyrir börn

Fatahönnun og innsetningar

REIF Í TÍSKU
USEE FASHION RAVE
Upp með sokkana!
Safn ímyndunar
og furðuhluta
Þorsteinn Eyfjörð

Aðrir viðburðir

Hún pabbi
Leikhópurinn Trigger Warning
Wiola Ujazdowska
Art performance
Tófa Noise Water Yoga

Matarmarkaður Fatamarkaður

og margt fleira!

109 Reykjavík

Breiðholt Festival

20 ára afmæli Greenhouse Studios

breidholtfestival.com
facebook/breidholtfestival

Kl. 13

Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti Skráning í sumar- námskeiðin hafin



Nú er vetrarstarfi félagsmiðstöðvanna í Breiðholti að ljúka eftir viðburðaríkan vetur. Starfið hefur gengið einstaklega vel og hefur mætingin hjá unglíngunum verið mjög góð. Margir eftirminnilegir viðburðir voru haldnir á árinu og má þar nefna Rímnaflæði, Söngkeppni Breiðholts, Breiðholt Got Talent, Skíðaferð og margt fleira. Við í Breiðholtinu getum svo sannarlega verið stolt af unglíngunum okkar, framtíðin er svo sannarlega björt.

Nú tekur sumarstarfið við og félagsmiðstöðvarnar bjóða upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir börn og unglíngi í hverfinu. Það verður opið í félagsmiðstöðvunum þrjú kvöld í viku frá 19:30-23:00, það verður ekki opið í öllum félagsmiðstöðvunum samtímis heldur alltaf tveimur í einum. Hægt er að kynna sér þetta betur á midberg.is. Þá verður fjölbreytt námskeið í gangi fyrir krakka á aldrinum tíu til tólf ára. Opið verður fyrir þau fjórum sinnum í viku og stendur skráning yfir í sem fer fram í gegnum frístundavefinn, frístund.is. Athugið að innskráning er með Íslandslykli í gegnum island.is og þar þurfið þið rafræn skilríki. Við hvetjum foreldra eindregið til þess að kynna sér dagskrána og skrá krakkana á þau námskeið sem þau hafa áhuga á að taka þátt í. Þá verða sérstakar opnanir fyrir sjöunda og áttunda bekk á mánudögum og miðvikudögum frá 13:30-17:00. Okkur hlakkar til sumarsins og vonumst til þess að sem flestir taki þátt í starfinu hjá okkur.

Glæsilegur útskriftarhópur úr FB

Glæsilegur hópur 135 nema útskrifaðist við hátíðlega athöfn í Hörpu í gær þann 24. maí. Stúdentar voru 79, sjúkraliðar 21, rafvirkjar 13, húsasmiðir 11, af snyrtifræðibraut 8, af starfsbraut 8 og af fata- og textílbaut 3 nemendur. Sigurósk Gréta Garðarsdóttir útskriftarnemi af starfsbraut söng. Magnús Ingvarson aðstoðarskólameistari flutti ávarp og fulltrúar nýstúdentanna héldu ræður. Þá var myndlistarkennaranum Helga Gíslasyni þökkúð vel unnin störf en hann lætur nú af störfum eftir fjörutíu ára kennslu við skólann.

Hljómsveit skipuð núverandi og fyrrverandi nemendum og kennurum lék og tóku útskriftarnemar og gestir vel undir í loklaginu. Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari stýrði athöfninni og flutti kveðjuorð. Dagmar Ísleifsdóttir dux skólans hlaut verðlaun fyrir bestan árangur í raungreinum, spænsku, stærðfræði og íslensku. Hún hlaut einnig styrk úr styrktarsjóði Kristínar Arnalds fyrrverandi skólameistara FB og frá Soroptimistafélagi Hóla og Fella. Gréta Jónsdóttir semídúx skólans hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í myndlistargreinum ásamt verðlaunum frá Rótaryklúbbi Breiðholts. Fleiri myndir má finna á Fésbókarsíðu skólans. Þá voru veitt fjölmörg verðlaun fyrir góðan árangur í ýmsum greinum.



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari afhendir dúxinum Dagmar Ísleifsdóttur verðlaun.



Gréta Jónsdóttir semídúx tekur við verðlaunum úr hendi Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara.



Sumar á Óðinsgötu 1



BESTA NÆRINGIN Í SUMAR?

Súrdeigssamlokur,
þeytingar, kaffi,
grautar, croissant,
te, kökur og margt,
margt fleira úr allra
besta hráefninu.



FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar sumar!

Innanlands sem utan.

VERÐ:
16.400 kr.



MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



SUMARILMURINN 2017

ALLÉGRESSE heldur okkur
vakandi í allt sumar.
Lífrænt vottað af Ecocert.
6 tegundir dr Bach ilma
fást í Systrasamlaginu.



JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg,
falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 11 - 17.

Dúxaði í FB og ætlar í lyfjafræði í haust

Dagmar Ísleifsdóttir dúxaði á stúdentsprófi í FB á dögnum og hyggst hefja nám í lyfjafræði á komandi hausti. „Ég hef alltaf haft áhuga á að skoða og rannsaka og valdi því náttúrufræðibrautina. Tilraunaglós og smásjá fæla mig ekkert og ég hugsaði um hvort ég ætti að velja lyfja- eða læknisfræði. Lyfjafræðin er orðin fyrir valinu svo verður maður bara að sjá til hvort hún leiðir til frekara náms á öðrum sviðum,“ segir Dagmar.

Dagmar hóf framhaldsnám í MS en segir að sér hafi ekki líkað bekkjakerfið nægilega vel. „Mér fannst það einum of líkt grunnskólanum. Ég vildi hafa meira frelsi svo ég skipti yfir í FB sem er líka í næsta nágrenni við heimili okkar. Mér fannst mun auðveldara að líta á mig eins og fullorðinn einstakling í áfangakerfinu. Þar getur maður ráðið sér svo mikið sjálfur.“ Dagmar er innfæddur Breiðhýltingur yngst fimm systkina úr fjölmennri stórfjölskyldu. „Foreldrar mínir koma bæði úr stórum fjölskyldum og því hefur alltaf verið mikið líf í kringum okkar. Ég held að það hafi verið um 60 manns í útskriftinni minni. Þetta eru líka nokkur tímamót í lífi fjölskyldunnar vegna þess að ég er fyrst systkina minna til þess að ljúka stúdentsprófi þótt ég sé yngst.“

Krakkar mættu vera meira úti

En hvernig er að hafa alist upp í Breiðholtinu. Ég hef alltaf búið í Hólunum og Hólabrekkuskóli er við hliðina á okkur. Það var ekki langt að fara í skólann og maður átti fullt af félögum. Það sem mér finnst eftirminnilegast frá bernskuárnum er hvað krakkarnir fóru mikið út að leika sér. Á sumrin fóru margir krakkar út eftir kvöldmat og komu ekki inn fyrr en til þess að fara að sofa. Þótt ég sé ekki eldri þá hefur orðið mikil breyting á þessu. Krakkar fara mun minna út til að leika sér. Þau halda sig meira inni föst við tölvurnar og iPodana og hafa samskipti í gegnum þá tækni. Þótt hún hafi margar jákvæðar hliðar þá held ég að þetta sé ekki nógu gott. Eðlileg mannleg samskipti geta verið í hættu. Ég hafði aðgang að tölvu sem krakki en var ekki með neina fíkn. Ég var líka í dansi – var í ballett og það var líka til þess að dreifa huganum.“

Fannst stundum talað niður til FB

Fannstu mun á MS og FB. „Já – fyrir utan muninn á bekkja- og áfangakerfinu þá fannst mér talað svolítið niður til FB og krakka sem komu úr Breiðholtinu. Þetta er eflaust arfur frá fyrri tímum en mér fannst þetta einkum gert í gríni. Það var ef til vill ekki svo mikil meaning á bak við það. En það var svolítið af villingum hér á árum áður og sögurnar ganga á milli kynslóða. Þetta aftraði mér ekki frá því að flytja mig yfir í FB enda innfædd og uppalin í næsta nágrenni við skólann.“ Dagmar segir að fólki sem hefir alist upp í Breiðholti þyki yfirleitt vænt um hverfið sitt. „Það er alla vega mín tilfinning eftir skólagöngu mína í grunn- og framhaldsskóla.“

Mikið gert fyrir nemendur af erlendum uppruna

FB er þekktur fyrir fjölbjódleika – að nemendur af mörgum þjóðernum stundi nám þar. „Já – maður kynntist krökkur af ýmsum þjóðernum. Það er líka gert mikið fyrir krakka af erlendum uppruna í FB. Skólinn leggur mikið upp úr

góðri þjónustu á öllum sviðum og ein þeirra er stuðningur við fólk sem hefur flutt hingað til landa. Þetta blandast saman við gott andrúmsloft í skólanum og góða kennara. Það eru bæði ytri og innri aðstæður sem skipta máli.“

Ekki að flytja að heiman

„Nei – ég er ekki að yfirgefa Breiðholtið þótt ég skipti um skóla og fari í háskólanám. Ég er ekki að fara að flytja að heiman.

Eigum við ekki að segja að „hótel mamma“ sé best. Ég held að ungt fólk fari seinna að heiman en var á tíma. Mikill húsnæðiskostnaður á sinn þátt í því. Það er erfitt að koma sér fyrir annarsstaðar. Leiga er há og ungt fólk fjárfestir ekki í húsnæði af námslánunum. En ég ætlað ótrauð áfram. Það er farið að aukast að stelpur fari í raungreinar. Í lyfjafræðina alla vega til að byrja með. Svo verður maður bara að sjá til.“



Dagmar Ísleifsdóttir með viðurkenningar á útskriftardaginn.

Finndu okkur á Facebook



Verið velkomin

og njótið ljúffengra veitinga í frábæru umhverfi

Súpa og réttur dagsins

kr. 1.590 - alla virka daga kl. 12-14

Kaffihlaðborð

kr. 2.000 - alla sunnudaga kl. 15-17

Eðalbrauð

með laxi, kjúklingi eða steik kr. 1.250

Frábærar steikur

kr. 2.800



...og kaldur á kantinum

Matseðill

Brauðmeti

Ristað brauð - kr. 300
með osti og skinku eða osti og marmelaði
Ristuð samloka - kr. 550
með skinku og osti
Heimabakað brauð með skinku og osti - kr. 400



Eðalbrauð Gamla Kaffihússins

Súpa dagsins - kr. 950
Eðalbrauð - kr. 1.250
- með mínútusteik (hrossasteik), salati og hvítlaukssósu
- með reyktum laxi, salati og piparrótarsósu
- með kjúklingi, salati, og sinnepshunangssósu

Aðalréttir

Kjúklingasalát - kr. 1.850
með hvítlauksbrauði og hunangssinnepssósu
Piri Piri kjúklingur - kr. 2.200
með léttsteiktu grænmeti og grillaðri kartöflu
Mínútusteik - kr. 2.200
hross, borið fram með steiktu grænmeti, hvítlaukssósu og bakaðri kartöflu
Nautasteik* - kr. 2.800
með léttsteiktu grænmeti, bakaðri kartöflu og bernaisesósu
Piparsteik* - kr. 2.800
með léttsteiktu grænmeti, bakaðri kartöflu og rjómalagðri grænpiparsósu
Hamborgari - kr. 1.800
með salati, rauðlauk, osti og frönskum

Sætir réttir

Frönsk súkkulaðikaka - kr. 850
Eplakaka - kr. 650
Hjónabandsæla - kr. 650
Vanillu- eða súkkulaðiis - kr. 550



Opið virka daga kl. 10-22, laugardaga kl. 12-22, sunnudaga kl. 12-21

Gamla Kaffihúsið - Bistró - Drafnarfelli 18 - Sími 511 1180



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Verið velkomin í Gerðuberg

Í Gerðubergi opnuðu nýverið myndlistarsýningarnar *Hulið landslag* á verkum Soffíu Sæmundsdóttur og sýning þeirra Maríu Kjartans og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur sem ber yfirskriftina *Ótal andlit lðunnar*.



Við minnum gesti jafnframt á að um síðustu mánaðamót tók sumaropnun gildi.

Sumaropnun í Gerðubergi:

10-18 Mánudaga - fimmtudaga
11-18 Föstudaga

Lokað um helgar

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

Fylgstu með okkur á

www.borgarblod.is

Ferð í Borgarleikhúsið



Fimmtubekkingar úr Breiðholtsskóla stilltu sér upp á sviði Borgarleikhússins.

Nemendur í fimmta bekk Breiðholtsskóla fóru í Borgarleikhúsið á dögunum og Viktoría Rún og Elísabet báðar nemendu í fimmta bekk skrifuðu um fréttina.

Við fórum í strætó í Borgarleikhúsið 24. apríl. Þegar við komum að leikhúsinu fengum við okkur nesti á borðunum við innganginn. Þangað vorum við sótt til að skoða hvar þau mála og byggja leikmunina. Við fórum líka baksviðs á stóra sviðinu og þar var okkur sagt hvað leikmunir eru og hvers vegna þau geta ekkert alltaf keypt leikmunina. Þau þurfa

oft að búa til leikmunina og hann sem sýndi okkur í kring heitir Hlynur. Eftir að Hlynur hafði sýnt fimmtu bekkjunum leikhúsið þá fórum við að sjá leikritið Hamlet litli. Það heitir Hamlet litli því það er styttri útgáfan af Hamlet. Það átti að vera 3 klukkutíma en í staðinn var það í 3 korter og nokkrar mínútur. Við fengum að sjá húsið í leikritinu Mamma Mía og eftir allt það tókum við nokkrar myndir og fórum í strætóskýlið til að bíða eftir strætó og við fórum heim.

Viktoría Rún 5. bekk.

Mánudaginn 24. apríl fór 5. bekkur í ferð í Borgarleikhúsið. Við fórum í skoðunarferð um leikhúsið og sáum leikrit sem heitir Hamlet litli. Í skoðunarferðinni sáum við nýja sviðið sem sýningin var á og leikmunina úr Mamma Mía. Við sáum líka smíðastofuna og leikritið Hamlet litli sem var mjög skemmtilegt þótt allir hafi dáið og við tókum strætó númer 11 til baka og fórum í mat.

Elísabet Ingimundardóttir 5. bekk.



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- plönturnar í matjurtagardinn
- mold, áburð, ker og potta
- góða þjónustu og faglega ráðgjöf

Næg bílastæði



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

Einkarekið apótek í 60 ár

Frábær nýjung fyrir alla lyfjanotendur:

Vefverslun með lyf • Lyfseðlar • Lyfjaverð ofl.



Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



APPÓTEK
GARÐS APÓTEKS

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS
er notendavænt vefforrit (app)
fyrir tölvur og farsíma
á vefsíðunni www.appotek.is

Sogavegi 108 • Sími 5680990 • Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar • gardsapotek.is • appotek.is

Skátarnir í Segli í Breiðholti

Súrruðu saman fleka og sigldu um Andapollinn

Síðasti skátafundur vetrarins hjá skátafélaginu Segli var þriðjudaginn 30. maí sl. Í vikunni á undan höfðu fálkaskátarnir (10-12 ára) súrrað saman fleka og var markmiðið á þessum síðasta fundi að sigla á honum um Andapollinn, helst án þess að blotna of mikið.

Það getur verið mjög skemmtilegt að fylgjast með

þegar svona flekar eru flotsettir með bjartsýnum skátum um borð því þeir eiga það til að sökkva eða hvolfast. Við buðum því auðvitað foreldrum og systkinum skátanna að vera viðstödd hasarinn. Þessi risastóri fleki var svo vel gerður að hann sigldi margar ferðir um

andapollinn án þess að nokkur blotnaði. Á meðan flekinn flaut um andapollinn með stolta og ánægða skáta um borð voru grillaðar pylsur svo enginn færi svangur heim. Þetta var flottur endir á skemmtilegum vetri hjá fálkaskátunum í Segli.



Krakkarnir á flekanum sem þau bjuggu til á siglingu á Andapollinn.

Stefán Orri skákmeistari Ölduselsskóla



Stefán Orri Davíðsson skákmeistari Ölduselsskóla.

Skólaskákmót Ölduselsskóla fór fram miðvikudaginn 24. maí síðastliðinn. Mótið var lokapátturinn á skákárinu í skólanum, sem hefur verið viðburðaríkt. Skákæfingar hafa verið einu sinni í viku, fyrir byrjendur og einnig fyrir lengra komna.

Fjórtán nemendur skólans mættu á mótið og tefldu fimm umferðir með umhugsunartímanum 5+3. Stefán Orri Davíðsson tók snemma forystuna á mótinu þegar hann lagði eldri bróður sinn, Óskar Víking. Þeir bræður hafa verið duglegir við skákiðkun og hafa leitt skáksveit Ölduselsskóla í liðakeppnum skólanna undanfarin ár. Stefán hélt forystunni á mótinu til loka og leyfði einungis eitt jafntefli, gegn Baltasar Mána sem endaði í 3. sæti á eftir Stefáni og Óskari.

Stefán Orri er í 5. bekk en þess má geta að hann sigraði fyrst á Skólaskákmóti Ölduselsskóla þegar hann var fimm ára og enn á leikskóla! Töluverður fjöldi keppenda á mótinu voru úr 1. bekk en þau hafa verið mjög dugleg að mæta á skákæfingar í vetur. Athygli vakti góð frammistaða Daníels Elvarssonar í 1. bekk en hann hlaut þrjá vinninga og endaði í 5. sæti.

Lokastaða efstu keppenda á mótinu:

- Stefán Orri Davíðsson (5. bekk) 4,5 v.
- Óskar Víkingur Davíðsson (6. bekk) 4 v.
- Baltasar Máni Wedholm Gunnarsson (6. bekk) 3,5 v.
- Birgir Logi Steinhórnsson (6. bekk) 3 v.
- Daníel Elvarsson (1. bekk) 3 v.
- Brynjar Haraldsson (7. bekk) 3 v.

Skákstjóri Ölduselsskóla er Björn Ívar Karlsson, sem sér um skákæfingar eftir skóla á miðvikudögum en allir nemendur skólans sem eitthvað kunna fyrir sér í skák eru hvattir til að mæta og taka þátt en mörg verðlaun eru í boði. Núverandi skólaskákmeistari er Mykhaylo Kavchuk, nemandi í 8. bekk.

Kjörís

Allt er gott sem endar vel

Mjúkis
— MED —
KAFFI & KARAMELLU
0,5 L

0,5 L

Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með skál af ómótstæðilegum Mjúkis, þar sem dásamleg karamella á stórleik á móti einstöku kaffibragðinu. Nú fæst hann í nýjum hálf lítra umbúðum.

Mjúk lending eftir matinn

Leiknir í 8-liða úrslit í Borgunarbikarnum

Leiknir mætti Grindavík í 16-liða úrslitum Borgunarbikarsins fimmtudaginn 1. júní og er skemmt frá því að segja að okkar menn lögðu Grindvíkinga í hörkuspenndi vítaspyrnukeppni.

Spekingarnir vilja meina að Grindvíkingar hafi verið betri aðilinn í fyrri hálfleik, enda uppskárur þeir mark á 32. mínútu þegar þeir skoruðu eftir hornspyrnu.

Heimamenn mættu öflugir til leiks í seinni hálfleik og tóku öll völd á vellinum. Grindvíkingar héldu reyndar aftur af sprækum Leiknismönnum sem ekki tókst að nýta sér þó nokkur dauðafærin. Mörkin koma þó ekki alltaf úr dauðafærunum. Eftir tæpan sjöttu mínútna leik skoraði Ósvald Jarl Traustason skemmtilegt mark þegar skot hans utan af kanti rataði í mark gestanna. Fyrirgjöf munu einhverjir segja en niðurstaðan óumdeilt mark.

Skúli tryggði sigurinn

Leiknismenn voru hársbreidd frá því að tryggja sér sigurinn á lokamínútum leiksins en Grindvíkingar sáu með naumindum til þess að boltinn kæmist ekki í markið. Framlenging var því niðurstaðan. Framlengingin var stál í stál þar sem hvorugu liðinu tókst að skapa sér hættuleg marktækifæri. Það var því ljóst eftir framlengingu að skera þyrfti um úrslit leiksins í vítaspyrnukeppni.

Bæði lið skoruðu úr fyrstu tveimur vítaspyrnum sínum og voru það Ragnar Leósson og Ósvald Jarl sem skoruðu fyrir Leikni. Eyjólfur Tómasson gerði sér síðan lítið fyrir og varði þriðju spyrnu Grindvíkinga. Kristján Páll var næstur á punktin en brást bogalistin og endaði boltinn í slánni. Næstu tveir spyrnumenn Leiknis, Daði Bærings og Aron Fuego, brást þó ekki bogalistin frekar en spyrnumönnum Grindavíkur. Eyjólfur Tómasson varði síðan sjöttu spyrnu Grindavíkur með glæsibrag og það var því undir Skúla Sigurz að tryggja Leikni sigurinn. Skúli var svekkaldur og skorðaði af gríðarlegu öryggi.

Þar með hefur Leiknir tryggt sér sæti í 8-liða úrslitum bikarkeppni KSÍ í fyrsta skipti í sögu félagsins



Brynjar Hlökkversson fyrirliði Leiknis í hörkubaráttu í leiknum gegn Grindavík í 8-liða úrslitunum.

Sumargjöf Leiknis

Nú liður að sumarfrí barnanna í hverfinu og af því tilefni fengu allir nemendur 1. bekkjar í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla afhenda sumarlega peysu að gjöf frá Leikni nú í byrjun júní.

Þetta er í fjórða skipti sem Leiknir gefur börnum 1. bekkjar sumargjöf. Með gjöfinni viljum við minna

á mikilvægi þess að stunda hreyfingu og útiveru og bjóða um leið alla velkomna á æfingar hjá Leikni og í knattspyrnuskóla félagsins í sumar. Það verður gaman að fylgjast með börnunum í sumar úti að leika og vonandi koma margir dagar þar sem hægt er að vera úti á peysunni!



Krakkarnir í Hólabrekkuskóli sem fengu peysur.



Krakkarnir í Fellaskóli sem fengu peysur.

Knattspyrnuskóli Leiknis og Dominos

Knattspyrnuskóli Leiknis hefur lengi verið fastur liður í sumri Leiknismanna og hafa flest allir félagsmenn komið að skólanum með einum eða öðrum hætti.

Knattspyrnuskólinn er fyrir stráka og stelpur á aldrinum 5-12 ára og er farið yfir helstu grunnþætti knattspyrnunnar í bland við leiki og skemmtun.

Leikmenn meistaraflokks og fleiri fótboltastjórnur hafa iðulega mætt í knattspyrnuskólann og heilsað upp á krakkana og verður spennandi að sjá hverjir

munu láta ljós sitt skína að þessu sinni. Fyrsta námskeiðið hefst 12. júní. Hvert námskeið stendur yfir í tvær vikur og er frá 09:00 – 13:00. Að hætti Leiknis er verði stillt í hóf og boðið er upp á 50% systkinaafslátt. Öllum námskeiðum er slútt með glæsilegri Pizza-veislu og verðlaunaafhendingu. Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á heimasíðu félagsins, leiknir.com.

Topplausnir

www.Topplausnir.is - S: 5177718

Verktakar-iðnaðarmenn og dugnaðarfolk kerrurnar frá Humbaur eru tilbúnar til afgreiðslu. Áratuga reynsla af þessum sterku álkerrum á Íslandi.

Teg:1376.

750kg. mál: 205x131cm
verð: 169.355 kr. án vsk.
Opnanlegur fram og afturgafi.

Teg: 1374.

750kg. mál: 251x131cm
verð: 201.613 kr. án vsk.
Opnanlegur fram og afturgafi.

Teg:1380.

750kg. mál: 201x102cm
verð: 112.823 kr. án vsk

Teg:1384.

750kg. mál: 251x131cm
verð: 229.839 kr. án vsk
Sturtanleg.

Teg:1380.

2500kg. mál: 303x151cm
verð: 399.194 kr. án vsk.
Með skráningu.
opnanlegur fram og afturgafi.

Grunnskólámót höfuðborga Norðurlanda

Frábær frammistaða ÍR-inga

Keppni á Grunnskólámóti höfuðborga Norðurlandanna fór fram í Osló um s.l. mánaðarmót. Frá Reykjavík tóku þátt ungmenni á aldrinum 13-14 ára í knattspyrnu drengja, handknattleik stúlkna og frjálsíþróttum drengja og stúlkna. ÍR átti langstærstan hluta liðsins eða 34% allra keppenda sem voru samtals 41. Frábær árangur af öflugum uppbyggingarstarfi hjá ÍR er að sýna sig í þessu vali og árangri keppenda.

Drengirnir sigruðu knattspyrnumótið með því að leggja lið Helsinki 9-1, lið Osló 4-0 og lið Kaupmannahafnar 5-1 en töpuðu naumlega fyrir liði Stokkhólms 1-0. Ívan Óli Santos úr ÍR og Breiðholtsskóla, skoraði flest mörk Reykvíkinga eða 7 talsins og Andi Morina, Leikni og Hólabrekkuskóla, næstflest eða 3 talsins.

Í handknattleik stúlkna náði Reykjavík 4. sæti á mótinu. Sigruðu lið Helsinki en töpuðu fyrir Osló, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Atkvæðamestar reykvísku stúlkanna voru Aníta Rut Sigurðardóttir, ÍR og Breiðholtsskóla, sem skoraði samtals 16 mörk á mótinu og Elín Kristjánsdóttir, ÍR og Breiðholtsskóla, sem skoraði 12 mörk.

Í reykvísku frjálsíþróttaliðinu voru átta piltar og átta stúlkur.



Sigurlið Reykjavíkur á Grunnskólámóti höfuðborga Norðurlanda 2017 með ÍR-ingana Ívan Óli Santos sem markahæsta mann og Svein G. Þorkelsson í liðinu.

Hópurinn fann sig greinilega vel í sólinni í Osló því 54 persónuleg met litu dagsins ljós í keppninni. Danjél Atli Matthíasson Zaiser, ÍR og Ölduselsskóla, varð í 3. sæti í kúluvarpi með kast upp á 11,16 metra.

Keppendur á mótinu úr röðum ÍR-inga koma úr sjö grunnskólum borgarinnar, flestir úr Breiðholtsskóla eða fjórir og þrír úr Ölduselsskóla.

Frjálsar:
Arni Kjartan Bjarnason
Danjél Atli Matthíasson Zaiser

Jósef Gabríel Magnússon
Guðlaug Eva Albertsdóttir
Karólína Ósk Erlingsdóttir
Nína Sörensen
Ólöf Sigríður Kristinsdóttir
Signý Lára Bjarnadóttir

Knattspyrna drengja:
Ívan Óli Santos
Sveinn G. Þorkelsson

Handknattleikur stúlkna:
Aníta Rut Sigurðardóttir
Elín Kristjánsdóttir
Margrét J.L. Þórhallsdóttir
Sunna Dís Ívarsdóttir

Matthías Orri með körfuknattleikslandslíðinu í San Marínó

ÍR-ingurinn Matthías Orri Sigurðsson lék með landsliði Íslands í körfuknattleikskeppni karla á Smábjóðaleikunum í San Marínó í síðustu viku.

Hann er fyrsti ÍR-ingurinn sem valinn er í landsliði Íslands í langan tíma og því um stóran áfanga að ræða í afreksuppbyggingu körfuknattleiksins hjá ÍR. Matthías Orri var í byrjunarliði í fyrsta leik mótsins. Hann hefur þegar framlengt samning sinn við ÍR fyrir næsta keppnistímabil ásamt öllum sterkustu leikmönnum liðsins.

Matthías Orri Sigurðsson í leik með ÍR.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Björgvin aftur til ÍR

Stórstjarnan Björgvin Hólmgeirsson hefur snúið til baka í uppeldisfélag sitt ÍR eftir tveggja ár dvöl í atvinnumennsku í handknattleik erlendis. Eins og menn muna var Björgvin langbesti leikmaður Ólis deildarinnar í handknattleik fyrir tveimur árum þegar ÍR-ingar voru ein marki frá því að leika úrslitarimmuna um Íslandsmeistaratið. ÍR-ingar og Breiðholtsbúar fagna heimkomu Björgvins.

Þá hefur Kristján Orri Jóhannsson sem leikið hefur með Akureyri undanfarin ár skirfað undir samning við ÍR. Hann hefur verið einn öflugasti örvhenti leikmaður Ólis deildarinnar síðastliðin 4 ár og oftast en ekki endað sem einn markahæsti leikmaður hennar. ÍR-ingar stefna greinilega á að mæta með hörkulið til leiks á



Björgvin Hólmgeirsson hefur snúið til baka til ÍR eftir störf erlendis.

næsta tímabili og er fleiri spennandi frétt að vænta af leikmannamálum á næstunni. Þá hafa ungir uppaldir leikmenn liðsins fengið dýrmæta reynslu og leiktíma í vetur sem á eftir að nýtast vel í harðri keppni í Ólisdeildinni á næsta keppnistímabili.

ÍR-ingar á Smábjóðaleikunum

Íslensku keppendurnir á Smábjóðaleikunum stóðu sig þar með glæsibrag en ÍR-ingar voru atkvæða miklir enda átti ÍR 10 keppendur af 21 í frjálsíþróttum. Glæsilegur árangur hjá Íslendingum síðustu daga sýnir að Smábjóðaleikar eru góður vettvangur fyrir Íslenska liðið til að keppa sig í gang fyrir sumarið, ná frábærum árangri og setja met og stilla saman strengi fyrir Evrópukeppni landsliða. En töluvert var um bætingar á besta árangri, eitt Íslandsmet féll í full-orðinsflokki og eitt aldursflokka-met. Ísland hefur því engu að kvíða er snýr að afreksmálum í frjálsum íþróttum í nánustu framtíð.

Undanúrslit í 100 m kvenna féllu niður og því voru bein úrslit. Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir og Tiana Ósk Whitworth kepptu

fyrir Íslands hönd, Hrafnhild hafnaði í fjórða sæti og Tína varð fimmta í. Í langstökki karla sigraði Þorsteinn Ingvarsson og Kristinn Torfason varð annar. Óðinn Björn Þorsteinsson tryggði sér þriðja sætið í kúluvarpi karla. Hulda Þorsteinsdóttir sigraði í stangarstökki. Hún var hátt yfir öllum hæðum sem hún fór yfir og var mjög sannfærandi í keppninni. Ívar Kristinn Jasonarson hafnaði í 2. sæti í 400 m grindahlaupi karla.

Ólympíufarinn Guðni Valur Guðnason tryggði sér sigur í kúluvarpi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, varð í 2. sæti eftir glæsilegt hlaup í 200 m hlaupinu varð Tiana Ósk Whitworth í 4. sæti. Guðmundur Sverrisson keppti í spjótkesti og hlaut bronsverðlaun með kasti sínu en Örn Davíðsson kastaði manna lengst og sigraði með nokkrum yfirbúðum.

ÍR fimleikar með vorsýningu

ÍR fimleikar héldu vorsýninguna sína 27. maí sl. Það var álit þeirra sem á horfðu að miklar framfarir hafi orðið á síðasta ári enda iðkendur mætt vel og þjálfarateymið sinnt þjálfuninni og iðkendunum vel.

Á sýningunni sýndi yngsti hópurinn, 5 ára og yngri, þrautarbrautaræfingu sem þau höfðu æft og enduðu æfinguna á mjög glæsilegan máta öll saman. Eldri hópurinn, sem nær upp í 9 ára aldurinn, með tvo til þrjá iðkendur á 6. ári, sýndi atriði á loftdýnu með fimm mismunandi æfingum í átt að því sem gert er í hópfimleikum. Sýningunni lauk svo með dansatriði eldri iðkenda sem þær höfðu æft af kostgæfni.



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

GÓÐ VERÐ Í JÚNÍ



Iceland

MENTOS SAY HELLO

69

KR/STK
1725 KR/KG



EGILS APPELSÍN
500 ML PLAST

129

KR/STK
258 KR/L



HÁMARK SÚKKULAÐI
330 ML

199

KR/STK
603 KR/L



SPORT LUNCH
50 GR

99

KR/STK
1980 KR/KG



CHARLIES NATURAL SODA
250 ML

149

KR/STK
596 KR/L



TOPPUR ÁN KOLSYRU
500 ML

99

KR/STK
198 KR/L



NATURE VALLEY PROTEIN 160 GR

399

KR/PK
2494 KR/KG



NUTRAMINO HEAT 330 ML

249

KR/STK
755 KR/L



KÖTLU GRILLSÖSA
4 PACK

1299

KR/PK
325 KR/STK



SAMBA CHOCOLAT & COCONUT
6 PACK

149

KR/PK
25 KR/STK



THE BERRY COMPANY SAFAR 1L

269

KR/STK
269 KR/L



AUNT MABEL'S MUFFINS

129

KR/STK
1265 KR/KG



EGILS MIX
500 ML

99

KR/STK
198 KR/L



OPIÐ

24

TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA